



Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	06.09.2017
Málalykill	02.51
Mál nr.	1709132

Gunnar Einarsson
Bæjarstjóri Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

30. ágúst 2017

Erindi: Dagþjálfun fyrir einstaklinga með heilabilun í Garðabæ

Með vaxandi aldri aukast líkur á heilabilun. Þessu fylgja sérstök vandamál sem samfélagið hefur þurft að takast á við, heilbrigðiskerfi sem félagsþjónustur. Eitt af þeim úrræðum sem bjóðast þessum einstaklingum sem enn búa á heimili sínu eru sérstök dagvistarúrræði sem í daglegu tali kallast dagþjálfanir. Með því er átt að hver og einn fær einstaklingsbundna þjónustu sem miðast við getu og áhuga. Fyrsta dagþjálfunin var sett á stofn í Reykjavík árið 1986 og nú eru átta slíkar í rekstri samtals í stóru sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, nema Garðabæ. Að auki er slík úrræði að finna á Akureyri, Árborg og Reykjanesbæ. Þessir staðir eru skilgreindir sem heilbrigðisstofnanir og eru reknar á daggjöldum frá Tryggingastofnun Ríkisins en sex mismunandi rekstaraðilar eru þó að þessum átta stöðum.

Við sem störfum á heilabilunareiningu Landspítalans á Landakoti höfum skipulagt biðlista fyrir alla átta staðina og spítalinn er með samning um lækniþjónustu við sex þeirra og því rennur okkur blóðið til skyldunnar að senda þetta erindi. Í dag fá um samtals um 180 einstaklingar þessa þjónustu en tæplega 200 eru á biðlista. Tölurnar fyrir Garðabæ eru 12 í þjónustu og 15 á biðlista. Fram að þessu hefur flestum Garðabæingum sem þurfa þessa þjónustu verið vísað til Hafnarfjarðar þar sem dagþjálfunin Drafnarhús við Strandgötu er til húsa en